

Mýrdalshreppur
Austurvegur 17
870 Vík

Efni: Umsögn um tillögu að Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025, sbr. auglýsingu þar um dags. 22. desember 2009.

Við undirritaðir íbúar og eigendur fasteigna eða lands í Mýrdalshreppi mótmælum hér með því stofnmarkmiði, sem fram kemur í tillögu að Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025, að “*Hringvegur um Mýrdal verði lagður um jarðgöng í gegnum Reynisfjall*” (greinargerð, bls. 13 og 23). Við leggjum til að stofnmarkmið þetta og útfærsla þess verði felld út úr aðalskipulagstillögunni, en í staðinn verði sett stofnmarkmið um endurbætur á núverandi vegstæði hringvegar um Mýrdal.

Áður nefnt stofnmarkmið er útfært í greinargerð (bls. 24) sem “*ný lega þjóðvegur, með göngum: Lína 3 ... sunnan við Geitafjall að vestanverðu, meðfram Dyrhólaósi sem er svæði á náttúruminjaskrá (nr. 708), og í göngum sunnarlega um Reynisfjall. Austan Reynisfjalls liggur leiðin meðfram sjó innan við flóðvarnargarðinn og sameinast núverandi vegi á milli athafna- og iðnaðarsvæðis austanvert í Vík.*” Veglínan er síðan teiknuð inn á sveitarfélagsupprátt og hún lauslega metin í umhverfisskýrslu.

Við bendum einkum á eftirfarandi ágalla á stofnmarkmiðinu og útfærslu þess:

1. Umrædd veglína mun hafa gríðarleg neikvæð og óafturkræf áhrif á byggð, nytjalönd, náttúrufar og náttúruminjar í Mýrdal. Skulu þar nefnd Víkurkaupþún, Víkurfjara, Reynisfjara, Dyrhólaós, Reynishverfi og Dyrhólahverfi. Talsverður hluti þessa svæðis er nú þegar á náttúruminjaskrá. Drjúgur hluti þess eru fjörur, ósar, leirur, mýrar og annað votlendi, auðugt af fuglalífi og fjölbreyttum gróðri. Gríðarleg röskun verður á nytjalöndum bænda í Dyrhólahverfi og Reynishverfi og má ætla að á þriðja tug bújarða verði fyrir meiri eða minni skakkaföllum.
2. Verði veglínan felld inn í aðalskipulag benda athuganir okkar eindregið til þess að fasteignir og land á áhrifasvæði veglínunnar í Víkurkaupþúni og í Reynis- og Dyrhólahverfum falli í verði um leið og aðalskipulagið tekur gildi.
3. Komi veglínan til framkvæmda munu umhverfisrask, mengun og umferð af hennar völdum auk þess skerða lífsgæði íbúa á nærliggjandi svæðum, svo og upplifun ferðamanna sem koma til að skoða náttúrufar og fuglalíf strand- og votlendissvæðanna í Mýrdal.
4. Viðhlítandi vistfræðilegar rannsóknir skortir á jarðfræði, gróðurfari og fuglalífi veglínunnar og áhrifasvæða hennar. Þá hefur skráning sögulegra og menningarlegra minja heldur ekki farið fram, nema að litlu leyti innan Víkurkaupþúns. Engar athuganir hafa verið gerðar á félagslegum og efnahagslegum áhrifum þess að flytja vegstæði hringvegarins eins og skipulagstillagan gerir ráð fyrir. Af þeim sökum einum er tillaga um breytta veglínu ekki réttlæt看leg.

5. Við undirbúning málsins hefur ekki verið tekið tillit til ítrekaðra athugasemda íbúa og eigenda fasteigna og lands á helstu áhrifasvæðum veglínunnar. Vafi leikur á um að hæfisreglur sveitarstjórnarlaga hafi verið virtar við ákvarðanir skipulags- og byggingarnefndar og sveitarstjórnar um málið.
6. Frumathuganir Vegagerðar ríkisins benda til þess að með endurbótum á núverandi vegstæði hringvegjar um Mýrdal megi ná meginmarkmiðum Vegagerðarinnar, sem eru (a) greiðar samgöngur með góðri þjónustu, (b) hagkvæm uppbygging og rekstur vegakerfisins, (c) umferðaröryggi í samræmi við það sem best gerist og (d) góð sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa. Þetta megi gera þannig að vel ásættanlegt sé fyrir þriðjung eða lægra hlutfall af áætluðum kostnaði við áður nefnda “línu 3”. Þetta er áréttað í umsögn Vegagerðarinnar frá 2. júlí 2009. Við tókum ennfremur undir eftirfarandi álit Vegagerðarinnar: *“Hringvegurinn hefur sérlega stóru hlutverki að gegna varðandi flóttaleiðir við Kötlugos. Vegagerðin telur umferðaröryggi vegfarenda síður tryggt verði Hringvegurinn sunnan byggðarinnar í Vík en ofan hennar.”*

Með hliðsjón af ofansögðu teljum við að áður nefnt stofnmarkmið í samgöngumálum, útfærsla þess og málsmeðferð, samrýmist hvorki (a) markmiðum í 1. gr. skipulags- og byggingarlaga, (b) ákvæðum 3. kafla skipulagsreglugerðar um samráð við hagsmunaaðila við gerð aðalskipulags, (c) ákvæðum sömu reglugerðar um vötn, ár og sjó (gr. 4.15), náttúruverndarsvæði (gr. 4.19) og vatnsverndar-, strand- og vatnasvæði (gr. 4.21), (d) markmiðum í 1. gr. náttúruverndarlaga, (e) alþjóðlegum skuldbindingum Íslands er varða verndun votlendis og líffræðilega fjölbreytni, né (f) ýmsum öðrum stofnmarkmiðum aðalskipulagstillögunnar um umhverfismál og atvinnumál (bls. 12-13).

Virðingarfyllst,

í janúar 2010,

Nafn:

Kennitala:

<hr/>	<hr/>
<hr/>	<hr/>
<hr/>	<hr/>
<hr/>	<hr/>
<hr/>	<hr/>